



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Hörður Helgi Helgason  
Sunnuvegi 21  
104 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2015

Tilv.: MMR15010470/0.4.3

Á 138. löggjafarþingi Alþingis (2009-2010) var samþykkt sem 383. mál þingsályktunartillaga um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Í þessu skyni verði:

- gerð úttekt á lagaumhverfinu svo að hægt sé að afmarka viðfangsefnið og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf,
- litið til löggjafar annarra ríkja með það að markmiði að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis,
- kannaðir möguleikar þess að koma á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland, Íslensku tjáningarfrelsisverðlaununum,
- gerð úttekt á viðbúnaði ríkisins, einkum á sviði öryggismála, vegna starfrækslu alþjóðlegra gagnavera hér á landi,
- haldin alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um breytingar á lagasetningu og netnotendaumhverfi með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið.

Við starfið verði leitað aðstoðar sérfróðra erlendra aðila.

Markmiðið verði lýðræðisumbætur þar sem traustum stöðum verði komið undir útgáfustarfsemi og ásýnd landsins í alþjóðasamfélaginu efl.

Samkvæmt þingsályktuninni er mennta- og menningarmálaráðherra falið framfylgd þeirra verkefna innan Stjórnarráðsins í tengslum við ályktunina og samkvæmt henni á ráðherra að upplýsa Alþingi reglulega um stöðu verkefnisins innan Stjórnarráðsins.

Þér eruð þér hér með skipaður í stýrihóp mennta- og menningarmálaráðherra um þingsályktun um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Hörður Helgi Helgason, kt. 030669-5339, formaður, skipaður án tilnefningar,  
Sigríður Hallgrímsdóttir, 150171-3699, samkvæmt tilnefningu mennta- og menningarmálaráðuneytis,  
Páll Þórhallsson, 240964-7919, samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytis  
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, kt. 041187-3879, samkvæmt tilnefningu innanríkisráðuneytis,  
Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir, kt. 140974-4049, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytis,  
Elfa Ýr Gylfadóttir, kt. 241171-3889, samkvæmt tilnefningu fjölmiðlanefndar og  
Aðalheiður Ámundadóttir, kt. 130576-4359, samkvæmt tilnefningu IMMI, alþjóðlegrar stofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi.

Elisabet Pétursdóttir, starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytis, verður starfsmaður

stýrihópsins en ráðuneytið mun að auki leggja stýrihópnum til aðra starfskrafta eftir þörfum.


Stýrihópnum er ætlað hafa forsögn um og leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum staflíði a og b, með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. Stýrihópurinn skal leggja til eða undirbúa jafnóðum nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf ef stýrihópurinn telur þær tillögur falla vel að tilgangi þingsályktunarinnar. Í tengslum við framangreint er mikilvægt að tryggð sé góð samvinnu innan stjórnarráðsins þar sem tillögur stýrihópsins gætu átt undir málefna svið annarra ráðuneyta og því er nauðsynlegt að þeim verði komið í réttan farveg innan stjórnarráðsins.

Stýrihópurinn skal upplýsa ráðuneytið reglulega um framgang verkefnisins í því skyni að ráðherra geti uppfyllt tilkynningaskyldu sína til Alþingis samkvæmt þingsályktuninni.

Um greiðslur til nefndarmanna fer skv. reglum þóknananefndar ráðuneytisins. Stýrihópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins.

Formaður stýrihópsins ber ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað til ráðuneytisins.


Skipunartími yðar er frá 16. febrúar 2015 og til og með 31. maí 2017.



Ilugi Gunnarsson



Ásta Magnúsdóttir



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

